



263. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 22. febrúar 2018 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Hafsteinn Pálsson ritari, Garðar Svansson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Þráinn Hafsteinsson, Viðar Garðarsson, Örn Andrés�on og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir, Gunnar Bragason gjaldkeri, Þórey Edda Elísdóttir og Jón Finnbogason.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Forseti greindi frá dvöl sinni á Vetrarólympíuleikunum í PyeongChang. Aðstæður, skipulag og aðbúnaður allur er góður í Suður-Kóreu en mikill kuldi og vindur hafa haft áhrif á keppnishald á leikunum.

Örn Andrés�on formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir stöðu þeirra ólympísku verkefna sem framundan eru. Starf Afreks- og Ólympíusviðs hefur dregist tímabundið saman á meðan starfsmenn sviðsins eru að vinna á Vetrarólympíuleikunum í PyeongChang.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum sviðsins. Unnið er að endurskoðun siðareglna og hegðunarviðmiða ÍSÍ. Sviðsstjóri sótti ráðstefnu í Stokkhólmi um Erasmus+ en verkefni ÍSÍ og UMFÍ, Sýnum karakter, hefur fengið styrk í gegnum það kerfi. Unnið er að þýðingu bæklinga um gildi íþróttastarfs í íslensku samfélagi til upplýsingar fyrir erlenda íbúa á Íslandi.

Garðar Svansson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Góð þátttaka var í Lífshlaupinu en tæplega 16 þús. manna á öllum aldri voru virkir þátttakendur á 505 vinnustöðum, í 29 grunnskólum og 14 framhaldsskólum. Undirbúningur er hafinn fyrir Hjólað í vinnuna og Kvennahlaup ÍSÍ.

3. Ferðasjóður íþróttafélaga

Skrifstofustjóri fór yfir tillögu að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Samþykkt að heimila úthlutun úr sjóðnum byggða á framlagðri tillögu.

4. Starfsskýrslur ÍSÍ

Skrifstofustjóri skýrði frá því að tafir hafi orðið á því að opna fyrir starfsskýrsluskil í Felix vegna lagfæringa á tengingu við Nóra. Vonir standa til að hægt verði að opna fyrir skil um næstu mánaðamót.

5. Erindi Boccafélags Akureyrar

Erindi þessu var vísað til laganefndar ÍSÍ til skoðunar. Skrifstofustjóri skýrði frá því að laganefnd hefði því miður ekki náð að koma saman á milli funda stjórnar. Umfjöllun frestað til næsta fundar framkvæmdastjórnar.

6. Samningur við Air Iceland Connect

Forseti skýrði frá samningi við Air Iceland Connect, sem stefnt er að því að undirrita á næstu dögum. Töluverðar breytingar verða á fyrirkomulagi við bókun og framkvæmd. Aðilar munu hittast í maí til að meta stöðuna varðandi nýja fyrirkomulagið, skv. samningi. Forseta veitt heimild til að undirrita samninginn. Fundarmenn hvöttu til viðræðna við Flugfélagið Erni um afsláttarkjör á þeirra flugleiðum.

7. #metoo starfshópur mennta- og menningarmálaráðuneytis

Ekkir hefur verið boðað til fundar í starfshópnum. Fundarmenn lýstu yfir óánægju með að hópurinn hafi ekki enn komið saman. Forseti mun hafa samband við ráðherra til að koma á framfæri mikilvægi þess að starf vinnuhópsins fari strax af stað og vinnu hópsins verði hraðað.

8. Bókun frístundaráðs Akureyrarbæjar

Lagt fram bréf Akureyrarbæjar sem inniheldur eftirfarandi bókun frístundaráðs Akureyrarbæjar frá 1. febrúar sl.:

„Frístundaráð lýsir yfir ánægju með þá yfirlýsingu sem ÍSÍ sendi frá sér þann 12. Janúar sl. vegna #metoo umræðunnar og með bréf sem sent var til íþróttahreyfingarinnar þann 31. janúar þar sem farið er yfir viðbrögð íþróttahreyfingarinnar. Ráðið ítrekar mikilvægi þess að vinna hratt og örugglega að útfærslum á aðgerðum og skorar á ÍSÍ að skila af sér þeirri vinnu sem fyrst.

Frístundaráð hvetur ÍBA til að fylgja málinu fast eftir og lýsir sig einnig tilbúið til að veita íþróttahreyfingunni á Akureyri stuðning til að auka við fræðslu á meðal þjálfara og forystumanna íþróttahreyfingarinnar í þeirri viðleitni að koma í veg fyrir kynferðislega og kynbunda áreitni, ofbeldi og einelti.

Frístundaráð áskilur sér einnig rétt í komandi viðræðum á árinu 2018 um endurnýjun rekstarsamninga íþróttafélaga að skilyrða fjárveitingar til þeirra gegn því að félögin setji sér siðareglur, viðbragðsáætlanir og komi á markvissri fræðslu um ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynferðisofbeldi. Einnig hvetur frístundaráð ÍBA til að koma á fót óháðu fagráði sem taki á mótí ábendingum og kvörtunum iðkenda.

Með vísan til jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar vill frístundaráð jafnframt hnykkja á því að stjórnendur í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi bera sérstaka ábyrgð á því að allt starf sé skipulagt með jafnrétti að leiðarljósi og þegar samningar verða endurnýjaðir verða sett inn ákvæði sem setja skyldur á félögin að hafa skýra og virka jafnréttis- og aðgerðaráætlun.”

9. Sameining Faxe og Skugga í Hestamannafélagið Borgfirðing

Skrifstofustjóri skýrði frá sameiningu Hestamannafélagsins Skugga og Hestamannafélagsins Faxe sem bæði eru í Ungmennasambandi Borgarfjarðar. Lagðar fram fundargerðir aðalfunda viðkomandi félaga en sameinað félag mun starfa undir kennitölu Skugga. Samþykkt var að breyta nafni félagsins í Hestamannafélagið Borgfirðing. Lög sameinaðs félags undir nýju nafni lögð fram.

Nafnabreyting félagsins samþykkt. Lögum félagsins hefur verið vísað til laganefndar ÍSÍ til umfjöllunar.

10. Heiðranir

Framkvæmdastjórn samþykkti eftirfarandi heiðranir í gegnum tölvupóst:

UMSK – Ellen Dröfn Björnsdóttir, DÍK og Ólafur Már Hreinsson, HK – Silfurmerki ÍSÍ vegna starfa í þágu dansíþróttarinnar og UMSK. Heiðursviðurkenningarnar voru afhentar á ársþingi UMSK 13. febrúar sl.

Samþykkt að heiðra eftirfarandi einstaklinga vegna starfa í þágu blakíþróttarinnar:

Stefán Jóhannsson – Gullmerki ÍSÍ

Sævar Már Guðmundsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Jón Ólafur Valdimarsson – Silfurmerki ÍSÍ.

Heiðursviðurkenningarnar verða afhentar á ársþingi BLÍ 4. mars nk.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 262. fundar framkvæmdastjórnar
- 3. fundar framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 96. fundar Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ

12. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Stefnt er að því að halda næsta fund stjórnar 15. mars nk. á hefðbundnum tíma.

14. Önnur mál

Andlát Heiðursfélaga ÍSÍ

Forseti minntist Jóhannesar Sigmundssonar, Heiðursfélaga ÍSÍ sem lést 19. febrúar sl.. Hátíðarfáni ÍSÍ mun standa uppi við útförina í Skálholtskirkju, samúðarskreyting verður send til ekkju Jóhannesar og minningarorð frá ÍSÍ verða birt í Morgunblaðinu.

Jafnréttisstofa

Forseti skýrði frá því að Jafnréttisstofa hefur sent öllum Fyrirmyndarfélögum bréf þar sem óskað er eftir jafnréttisáætlunum þeirra til yfirlesturs. Nokkrar umræður urðu um málið.

Samþykkt að gera athugasemd við aðgerðir Jafnréttisstofu og óska eftir því að málið verði frekar unnið í samstarfi við ÍSÍ svo tryggja megi að ábendingar Jafnréttisstofu við jafnréttisáætlanir sambandsaðila ÍSÍ skili sér til allra eininga innan vébanda ÍSÍ en ekki einungis Fyrirmyndarfélög ÍSÍ.

IOC Women and Sport Trophy

Alþjóðaólympíunefndin hefur kallað eftir tilnefningum til IOC Women and Sport Trophy.

Samþykkt að tilnefna Helgu H. Magnúsdóttur fyrirverandi stjórnarmeðlim ÍSÍ og fyrirverandi stjórnarmeðlim Evrópska handknattleikssambandsins til verðlaunanna.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari